

Bláskógaskóli Laugarvatni auglýsir eftirfarandi stöður fyrir næsta skólaár, athugið að um tímabundna ráðningu er að ræða fyrir skólaárið 2020–2021.

- Laus staða umsjónarkennara í yngsta stigs teymi fyrir næsta skólaár.
- Laus staða íþróttakennara í 50% stöðuhlutfall.

Hæfniskröfur:

- Kennsluréttindi
- Áhugi á útinámi og fjölbreyttum kennsluháttum
- Reynsla af teymisvinnu er góður kostur
- Áhugi á lotukennslu mikilvægur
- Færni í mannlegum samskiptum er mikilvæg
- ART þjálfari er kostur
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð meðmæli úr fyrri störfum.

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekinn leik- og grunnskóli í Bláskógabyggð sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Útinám er stór þáttur í stefnu skólans og mikilvægt er að kennarar og starfsmenn skólans upplifi tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta útivið.

Í skólanum er lagt áherslu á góða samvinnu allra þeirra sem starfa í skólanum. Námsumhverfi nemenda endurspeglast meðal annars í ánægðu og samstilltu starfsfólki.

Störfin henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí nk. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is